

## Alþingi ráði uppbyggingu á varnarsvæði

Þingmaður Vinstri grænna, Kolbeinn Óttarsson Proppé, vill að Alþingi komi að ákvörðunum um umsvif herliðs hér á landi og hyggst leggja fram frumvarp til að breyta varnarmálalögum í þá átt.

**VARNARMÁL** Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, vill breyta varnarmálalögum þannig að borði verði undir Alþingi í hvert sinn hvort og hvernig uppbygging á mannvirkjum tengdum erlendum herliðum verður háttáð á varnarsvæðinu. Hann hyggst leggja fram frumvarp þess efnis á yfirstandandi þingi. Allur þingflokkurinn, utan ráðherra og forseta Alþingis, mun flytja málið. Samhliða hyggst Kolbeinn leggja fram þingsályktun, sem lýtur að viðveru herliðs hér á landi almennt.

„Þessi tillaga gefur Alþingi færi á því að koma meira að ákvörðunum um umsvif erlends herliðs hér á landi. Sjálfur vil ég að þau umsvif séu engin, Ísland fari úr NATO og að varnarsamningnum sé sagt upp, en óháð skoðunum þingmanna á því hljóta allir að fagna því að umræða um þessi mál verði meiri og að hlutverk Alþingis sé styrkt. Þingmönnum gefst þá færi á að sýna í verki skoðun sína á uppbyggingu á vegum hersins. Uppbyggingu á svæðinu má gera háða samþykkt Alþingis með breytingu á varnarmálalögum og er tillaga þess efnis eitt af forgangsmálum þingflokks VG á komandi þingi. Allt sem lýtur að viðveru herliðs er hins vegar bundið við varnarsamninginn og ég mun því leggja fram þingsályktun um bókun við hann þess efnis að það sé einnig háð samþykkt Alþingis.“

Bandaríkjaher hefur nú uppi áform um sjö milljarða uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Forsætisráðherra hefur sagt að sú uppbygging feli ekki í sér að verið sé að endurvefja gömlu herstöðina, en ýmsir hafa gagnrýnt uppbygginguna ekki síst vegna þess að Vinstri græn hafa forsætisráðuneytið á

**Þingmönnum gefst þá færi á að sýna í verki skoðun sína á uppbyggingu á vegum hersins.**

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG



sinni könnu, en flokkurinn hefur alla tíð lagst gegn aðild Íslands að NATO.

„Aukin hernaðarumsvif á norðurslóðum eru áhyggjuefni og fyllsta þörf á því að umræða um þessi mál verði aukin og Alþingi geti komið vilja sínum skýrt á framfæri. Við eigum að tala fyrir friðsamlegum lausnum og gegn vígvæðingu. Mér hefur sýnst í sumar að þingmenn úr flestum flokkum hafi miklar skoðanir á þessum málum og því hljóta þeir að fagna því að geta tekið þátt í ákvörðunum um þessi mál.“

Í greinargerð með frumvarpi Kolbeins segir að Ísland sé aðili að NATO og hafi sem aðildarríki skyldur að uppfylla. Þær hafi fyrst og fremst falist í aðstöðu fyrir herlið bandalagsins og loftrýmisgæslu. Ísland hafi þannig ekki útvegað herlið, enda herlaust land, heldur aðstöðu fyrir herlið annarra þjóða. Einnig segir að mikilvægt sé að efla lýðræðislega umræðu um varnarmál, í stað þess að margir átti sig fyrst á því að um framkvæmdir og uppbyggingu hafi verið samið á varnarsvæðinu eftir að Bandaríkjaþing samþykkir fjárlög sín á ári hverju. —ósk



Guðni Th. Jóhannesson forseti sótti í gær minningarathöfn í Varsjá í Póllandi í tilefni þess að 80 ár eru liðin frá upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Hér ræða þau Eliza Reid, eiginkona hans, við einn þeirra sem lifðu af dvöl í útrýmingarþúfum nasista í Auschwitz. MYND/FORSETI ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ  
+PLÚS

## Nýsköpun á niðurleið

**NÝSKÖPUN** Rannsókn sýnir að á árunum eftir bankahrunið jókst hlutfall fyrirtækja í nýsköpunartengdum atvinnugreinum, svo sem tæknigreinum, vísindum og ferðapjónustu. Frá 2014 hefur hlutfallið minnkað á ný.

Magnús Þór Torfason, lektor við Háskóla Íslands, segir að þensla gæti verið orsakavaldur og að eðlilegt ástand sé að myndast á ný. Aukin umsvif séu ekki ávísun á aukna nýsköpun.

—khg / sjá síðu 6



Magnús Þór Torfason.

## Erfitt að brjóta Slóvakíu niður

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið mætir Slóvakíu í undankeppni Evrópumótsins 2021 á Laugardalsvelli í kvöld. Íslenska liðið er mun sigurstranglegra fyrir leikinn en fyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir og þjálfarinn Jón Þór Hauksón eiga von á erfiðum leik gegn liði sem er erfitt að brjóta niður.

„Landslið Slóvakíu hefur verið á uppleið síðustu ár og þær eiga ekki eftir að gefa tommu eftir í kvöld,“ segir Sara Björk um lið Slóvakíu.

—kpt / sjá síðu 12




Sara Björk Gunnarsdóttir.

**NETTÓ Á NETINU**  
FLJÓTLEGT - EINFALT - ÞÆGILEGT


Þú getur nú pantað matvöru í gegnum vefverslun Nettó og sótt um land allt

nettó





## Veður



NV 8-15 m/s NA-til, annars breytileg átt 3-8. Skúrir eða dálítill rigning á N-verðu landinu. Hiti 4 til 13 stig að deginum, hlýjast SA-lands, en sums staðar næturfrost í nótt, einkum fyrir norðan. **SJÁ SÍÐU 16**



Frá atkvæðagreiðslunni í þingsal síðastliðið vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ný löggjöf um þungunarrof hefur tekið gildi

**HEILBRIGÐISMÁL** Frumvarp heilbrigðisráðherra um þungunarrof tók gildi í gær. Frumvarpið var samþykkt af Alþingi þann 13. maí síðastliðinn og sagði Svandís Svavarsdóttir við tilefnið að frumvarpið markaði þáttaskil í sögu sjálfsákvörðunarréttar kvenna á Íslandi.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á sínum tíma reyndist málið afar umdeilt. Með frumvarpinu er konum heimilt að rjúfa þungun allt til loka 22. viku þungunar. Sakaði Birgir Þórarinsson, þingmaður Miðflokksins, forsætisráðherra meðal annars um hrossakaup vegna málsins.

Þannig hafnaði Alþingi til að mynda tillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Miðflokksins, um að fresta afgreiðslu frumvarpsins. Flestir þingmenn stjórnarflokkanna auk þingmanna Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar kusu með frumvarpinu en þingflokkar Miðflokksins og Flokks fólksins kusu gegn því. Frumvarpið var samþykkt með 40 atkvæðum gegn 18, þrír greiddu ekki atkvæði.

Logi Einarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, greiddi næst-síðastur atkvæði um tillögunu, á undan Steingrími J. Sigfússyni, forseta Alþingis. Hann sagðist við tilefnið óska konum til hamingju með daginn. – oæg

## Á allra vörum



Átakinu Á allra vörum var formlega hleypt af stokkunum í Hallgrímskirkju í gær. Að þessu sinni er það átakið Eitt líf sem nýtur ágóðans af átakinu. Um er að ræða forvarnarverkefni í grunnskólum sem ætlað er að vekja athygli á vímuefnavanda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ  
+PLÚS

## Framsókn vill auðlindaákvæði

**STJÓRN MÁL** Framsóknarflokkurinn leggur höfuðáherslu á þjóðareign auðlinda og ætlar að fylgja því fast eftir á kjörtímabilinu að slíkt ákvæði verði sett í stjórnarskrá. Þetta var samþykkt á sameiginlegum fundi Landsstjórnar og þingflokks sem fram fór um helgina.

Á fundinum var einnig samþykkt að setja þyrfti í forgang á kjörtímabilinu að jafna flutningskostnað raforku. Það sé ein að mikilvægustu byggðaaðgerðunum sem ráðast þurfi í.

Þá var áreittuð stefna flokksins um þjóðareign á mikilvægum innviðum samfélagsins.

Var þar sérstaklega minnst á Landsvirkjun, Landsnet, RARIK og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. – sar

Sigurður Ingi Jóhannsson.



# Svarar eftirspurn frá fólki í fæðingarorlofi

Sólveig Eiríksdóttir á Gló svarar eftirspurn frá ungum foreldrum og opnar nýjan stað þar sem lögð er áhersla á hollan mat fyrir bæði börn og foreldra. Hún segir ungar mæður meðvitaðar um hvað þær gefa börnum sínum að borða.

**SAMFÉLAG** „Við erum að enduropna Gló á Engjateig en þar opnuðum við upprunalega okkar fyrsta stað,“ segir Sólveig Eiríksdóttir, eigandi Gló.

Á staðnum, sem verður formlega opnaður í dag, er lögð áhersla á mæður, fedur og börnin þeirra. Mikil verður lagt upp úr því að hafa hollan og næringarríkan mat á boðstólum fyrir fólk á öllum aldri, leiksvæði fyrir börn og þægilegt andrúmsloft.

„Það er verið að kalla svo mikið eftir því að ungar mæður hafi eitt-hvert athvarf í fæðingarorlofinu og á meðan þær eru með lítil börn. Þess vegna ákváðum við að setja fókussinn þangað á nýja staðnum,“ segir Solla.

„Við erum með stóran bakgarð þar sem börnin geta sofíð í vögnunum án trufunar frá umferðinni, það verða til bleyjur á staðnum svo ef einhver gleymir þeim heima þá bara reddum við því og svo erum við búin að setja saman yndislegan barnamatseðil,“ bætir hún við.

Allur maturinn á staðnum verður vegan og mestmegnis lífrænn. „Við verðum með vegan jógúrt, vegan kókomjólk og ávexti fyrir krakkana og ýmsa aðra rétti á góðu verði. Svo verðum við með fjölbreyttan mat fyrir foreldrana, pitsur, borgara, salöt og ýmislegt fleira. Allt hollt og gott,“ segir Solla.

„Foreldrar í fæðingarorlofi hafa mikið verið að koma til okkar á hina staðina en þar er meiri erill en verður á Engjateig. Þar ætlum við að skapa hlýtt og rólegt andrúmsloft, það verður þjónað til borðs og börnin sem eru orðin aðeins stærri geta kubbáð og teiknað í barnahorninu og svo bjóðum við upp á frítt inter-



Boðið verður upp á hollan mat fyrir alla fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

net efforeldrarnir vilja nýta tímann og vinna í tölvunni,“ segir hún.

Solla hefur verið í veitingarekstri í áraraðir en hún opnaði fyrsta Glóstaðinn á Engjateig 19. árið 2007. „Ég hef séð svo miklar breytingar á hugarfari á þessum tíma,“ segir Solla.

„Ungar mæður eru orðnar svo meðvitaðar um umhverfið og það sem bæði þær borða og það sem börnin þeirra borða,“ segir Solla. „Þetta var ekki svona þegar ég var ung. Þá var ég bara álitin sérvitr-

ingur með fáránlegar kröfur en með breyttu hugarfari um umhverfið er fólk farið að hugsa meira um það sem það borðar,“ segir Solla sem sjálf hefur ekki borðað kjöt í rúm 40 ár.

„Mér finnst fleiri vera spenntir fyrir því að borða vegan mat eða sleppa kjötinu. Jafnvel þó að fólk sé ekki endilega 100% vegan eða grænmetisætur þá er fólk að taka einn dag í viku eða að sleppa kjöti í hádeginu,“ segir Solla.

birnadrofn@frettabladid.is



**TENNIS**  
er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjandanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is





## Á allra vörum

Átakið Á allra vörum hófst formlega í gær með athöfn í Hallgrímskirkju. Í ár er sjónum beint að vímuefnavanda og lyfjamisnotkun ungmenna en verkefnið Eitt líf mun fá ágóðann af sölu snyrtivara sem hægt er að kaupa í apótekum og nokkrum verslunum landsins. Ljósmyndari Fréttablaðsins, Sigtryggur Ari Jóhannsson, tók þessar myndir í gær.







TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

## Þegar sumarið kallar á þig. Hilux Invincible



Verð frá: 6.170.000 kr.



### Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 700.000 kr. fylgir

Hilux er ódrepanði harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.





## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1 Mikið um dýrðir í brúðkaupi Ingu og Þorgeirs á Seyðisfirði**  
Margir nafntogaðir Sjálfstæðismenn létu sjá sig.

**2 Söfnunarátaki Á allra vörum hrundið af stað í niunda sinn**  
Söfnunin í ár er til styrktar samtökunum Eitt líf sem vinna óhefðbundið forvarnarstarf í grunnskólum landsins gegn fíkniefnaneyslu.

**3 Aðstoðarkona Trump rekin eftir ummæli um dætur hans**  
Madeleine Westerhout sagði í kvöldverði á fimmtudagskvöld að hún ætti í betra sambandi við Trump heldur en dætur hans, þær Ivönku og Tiffany Trump.

**4 Dorian orðinn að fimmta stigs fellibyl**  
Talið er að um 73.000 manns og 21.000 heimili séu í hættu vegna stormsins á Bahamaeyjum.

**5 Dorrit lýsir deilum við nágranna í máli og myndum á Instagram**  
Miklar vatnsskemmdir í íbúð fyrir ofan íbúð Dorritar Moussaieff hafa gert fyrrverandi forsetafrúnni lífið leitt.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)

## Kaldasti ágúst frá árinu 1993

**VEÐUR** Nýliðinn ágústmánuður var sá kaldasti á landsvísi síðan árið 1993. Þetta kanna að koma mörgum borgarbúum á óvart miðað við þann hita sem var fyrr í sumar en norðanmönnum síður. Það eru einkum Norðurland, Austurland og Vestfirðir sem draga meðaltalið niður. Er hiti sumarsins alls 0,1 gráðu undir meðalhita síðustu 10 ára.

Trausti Jónsson veðurfræðingur segir að það þurfi ekki endilega að vera mikil tenging á milli hitastigs mánaða. „Mánuðirnir eru nokkuð frjálssir en vanalega er mest samband milli júlí og ágúst og því koma þessi umskipti aðeins á óvart,“ segir Trausti. – khg

# Spyr hvort Pósturinn hefði ekki mátt hagræða fyrir

**ALÞINGI** Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis kemur saman til fundar í dag til að ræða málefni Íslandspósts. Hanna Katrín Friðriksson, fulltrúi Viðreisnar í nefndinni, átti frumkvæði að fundinum. „Kveikjan að því eru fréttir sem bárust á dögum um fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir. Það er líka ýmislegt í skýrslu Ríkisendur-

skoðunar frá því í sumar sem vekur upp spurningar í tengslum við aðgerðirnar,“ segir Hanna Katrín. Á fundinn í dag koma stjórnendur Íslandspósts og Póst- og fjarskiptastofnunar, auk fulltrúa Samkeppniseftirlitsins og Neytendasamtakanna.

Hanna Katrín segir að óneitanlega vakni spurningar um hvort



Hanna Katrín Friðriksson

ekki hefði verið eðlilegt að fara í þessar aðgerðir áður en gripíð var til þess að sækja um mikla viðbótarfjármögnun til ríkisins. „Ég vil líka fá útlistun á því hvernig hægt er að gera þetta með þessum hætti núna án þess að það komi niður á lögbundinni þjónustu.“

Aðgerðirnar eiga að skila 500 milljónum hagræðingu á ári. – sar

# Ætla að þrefalda framleiðslu á plöntum til nýskógræktar

Frá bankahruni hafa um þrjár milljónir plantna verið framleiddar hér á landi til nýskógræktar. Stefnt er að því að framleiðslan fari í 12 milljónir eftir þrjú ár. Mikilvægt að einblína ekki aðeins á birki til nýskógræktar því að birki bindur ekki mikið kolefni.

**SKÓGRÆKT** Á Íslandi hafa um þrjár milljónir skógarplantna verið framleiddar árlega eftir bankahrunið árið 2008. Framleiðslan jókst hins vegar litillega á síðasta ári og nú er stefnt að því að um fjórar milljónir plantna verði framleiddar á þessu ári til nýskógræktar.

Nýskógrækt fór ekki varhluta af efnahagshruninu í lok árs 2008 því að eftir hrun minnkuðu framlög til málaflokksins um helming. Fjármagníð hefur ekki hækkað að því marki að ná fyrra horfi.

Pétur Halldórsson, upplýsinga- og fulltrúi Skógræktarinnar, segir mikilvægt að gróðursetja fleiri plöntur og að stefnan sé að þrefalda núverandi framleiðslu skógarplantna til nýskógræktar.


Í loftslagsáætlun ríkisstjórnarinnar segir að ráðist verði í umfangsmikið átak við endurheimt votlendis, birkiskóga og kjarrlendis, stöðvun jarðvegseyðingar og frekari landgræðslu og nýskógrækt til að vinna sérstaklega að markmiði um kolefnishlutleysi. Þar muni um fjórum milljörðum króna varið til þess á fimm árum.

Pétur segir mikilvægt að hugsa um fleiri tegundir en birki því íslenska birkið bindur ekki kolefni eins vel og



Mikilvægt er að stöðva losun kolefnis með endurheimt jarðvegs og auka skógrækt til að binda kolefni.

## Fjöldi gróðursettra plantna á ári



önnur tré. „Birki bindur mjög lítið kolefni. Við getum gert ráð fyrir um þremur tonnum á hektara á ári í samfelldum birkiskógi sem kominn

er í góðan vöxt. Allt að sjöfalt meiri birkiskóg þarf að rækta til að ná sömu bindingu og næst með ræktun gjöfylli tegunda eins og alaskaaspar,

sitkagrenis, stafafuru og lerkis,“ segir Pétur.

„Skógræktin heldur sig við þá stefnu sem sett var fram á síðasta ári og hlaut brautargengi í loftslagsáætlun ríkisstjórnarinnar, að árleg gróðursetning verði fjórfölduð í áföngum fram til ársins 2023. Þá verði með öðrum orðum gróðursettar árlega um tólf milljónir skógarplantna.“

Pétur segir mikilvægt að framleiða og gróðursetja vel á næstu árum til að ná markmiðum stjórnvalda. „Í áherslum Skógræktarinnar hefur verið lögð til sú stefna að Íslendingar bindi um miðja öldina um fjórðung af þeirri losun sem þjóðin þarf nú að taka ábyrgð á samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Það þýðir bindingu upp á eina milljón tonna koltvísýrings á ári um miðja þessa öld. Ef farið verður eftir þeim tilköngum sem Skógræktin hefur lagt fram um fjórföldun nýskógræktar næst þetta markmið.“

[sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)



ramisland.is

# NÝR RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT. NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BODI.

EIGUM TIL Í CREW CAB, BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR TIL AFGREIÐSLU STRAX. MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUM EINNIG.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.  
RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.





Way of Life!

# SWIFT MILD HYBRID

## FYRIR UMHVERFIÐ OG ÞIG



Suzuki Swift er fánlegur með 1.0l Boosterjet Mild Hybrid tvinnafliásarvél.  
Suzuki Ignis og Suzuki Baleno eru einnig fánlegir með Mild Hybrid búnaði.

Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Mild Hybrid.

\*Suzuki Mild Hybrid eru eingöngu fánlegir beinskiptir.

VERÐ KR.

**2.880.000**



**SUZUKI**

FLUTT MEÐ  
**EIMSKIP**

● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100





Frá Þórshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Stjórnin féll í Færeyjum

**FÆREYJAR** Stjórnarflokkarnir í Færeyjum misstu meirihluta sinn í þingskosningunum sem fram fóru á laugardag. Fengu þeir 15 þingsæti af 33 en höfðu áður 17. Sigurvegari kosninganna er Fólkaflokkurinn sem fékk 24,5 prósent atkvæða og bætti við sig tveimur þingsætum.

Formaður Fólkaflokksins, Jørgen Niclasen, sagði í samtali við færæyska vefmiðilinn in.fo að úrslit kosninganna væru draumi líkust. Hann hefði gert ráð fyrir að fá sjö þingmenn en flokkurinn fékk átta kjörna. Flokkurinn bætti við sig 5,6 prósentustigum.

Niclasen sagðist telja eðlilegt að stjórnarandstöðuflokkarnir tækju nú við og mynduðu nýja ríkisstjórn.

Aksel V. Johannesen, leiðtogi Jafnaðarmanna, er þó ekki alveg búinn að gefa upp á bátinn að halda í stjórnartaumana en hann hefur leitt ríkisstjórnina síðustu fjögur ár. Hann sagðist ætla að taka sér einn eða tvo daga í að kanna valkosti sína við stjórnarmyndun.

Jafnaðarmenn fengu næstflest atkvæði, eða 22,1 prósent, og sjö þingmenn kjörna. Sambandsflokkurinn, sem verið hefur í stjórnarandstöðu, fékk 20,3 prósent og einnig sjö þingmenn. Þjóðveldisflokkurinn, sem setið hefur í stjórninni með Jafnaðarflokknum, fékk 18,1 prósent og sex menn kjörna. – sar

## Skærur Ísraels og Hezbollah

**ÍSRAEL** Mikil spennan er á landmærum Ísraels og Líbanons eftir að Hezbollah-liðar skutu eldflaugum á herstöð Ísraelsmanna. Samkvæmt ísraelskum miðlum féll enginn í árásinni en herinn svaraði með hundrað skotum stórskotaliðsins. Þá gerðu þýrlur Ísraelsmanna einnig árás á valin skotmörk Hezbollah.

Hezbollah-samtökin sökuðu Ísrael nýlega um drónaárás á höfuðstöðvarnar, sunnan Beirút. Ísraelsmenn óttast nú að Íranir reyni að kynda undir ofríði með því að aðstoða Hezbollah að koma upp eldflaugum. – khg

# Nýsköpun á niðurleið eftir aukningu eftirhrunsáranna

Rannsókn sýnir að árin eftir bankahrunið jókst hlutfall fyrirtækja í nýsköpunartengdum atvinnugreinum. Frá 2014 hefur hlutfallið farið niður á við á ný. Lektor við Háskóla Íslands segir að þensla gæti verið orsakavaldur og að eðlilegt ástand sé að myndast á ný. Aukin umsvif séu ekki ávísun á aukna nýsköpun.

**NÝSKÖPUN** Hlutfallsleg aukning varð í nýsköpun á Íslandi á árunum eftir bankahrunið 2008. Síðan 2014 hefur hlutfallið hins vegar lækkað. Þetta kemur fram í rannsókn sem Magnús Þór Torfason, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Wesley Sine, prófessor við Cornell-háskóla í Bandaríkjunum, vinna nú að út frá gögnum frá Hagstofunni.

Í aðdraganda hrunsins réðu bankarnir mikið af nýútskrifuðu fólki úr ýmsum geirum. „Það er aðlaðandi fyrir fólk að fara inn í geira þar sem er þensla og mikil eftirspurn eftir fólki,“ segir Magnús. Samkeppni ríkti um starfsfólk, ungt fólk sem var að velta framtíðinni fyrir sér og hefði annars verið líklegt til að stofna eitthvað nýtt.

Rannsóknin sýnir greinilega hlutfallslega fjölgun fyrirtækja í vísindum, tækni, ferðaþjónustu og fleiri nýsköpunartengdum greinum eftir hrunið þegar fólki fækkaði í bönkunum. Magnús segir að það séu engar róttækar hugmyndir að baki rannsókninni. „Rannsóknir hafa verið gerðar á því þegar hugbúnaðarfyrirtækið Oz hætti starfsemi. Þar inni var mikið af hæfileikaríku fólki sem stofnaði ný fyrirtæki, eins og til dæmis CCP,“ segir Magnús. „Líklega á það sama við um leikjafyrirtækið Plain Vanilla. Starfsfólkið þar hvarf ekki þegar fyrirtækið hvarf af sjónarsviðinu. Þetta er í anda kenningar hagfræðingsins Joseph Schumpeter um skapandi eyðileggingu. Að mikilvægt væri að fyrirtæki færu stundum á hausinn til að rýma fyrir öðrum.“

Í hrúnu gerðist þetta á mun stærri skala. Nú er stefnan hjá Magnúsi og Wesley að komast að því hvort aukning í nýsköpun megi rekja til þeirra sem störfuðu í fjármálagreinanum fyrir hrún. Áætlað er að niðurstöðurnar birtist á þessu ári.


Wesley hefur áður rannsakað tengsl nýsköpunar og hagsveiflu erlendis. Þegar niðurstöður þessarar rannsóknar liggja fyrir munu þær verða skoðaðar í samhengi við útlönd. Magnús segir hrúnið hér á Íslandi vera mjög skýrt og afmarkað, kreppa sem drifin var á einum geira sem krafðist fjölda af menntuðu fólki.



Magnús Þór Torfason, lektor við Háskóla Íslands, stóð að rannsókninni auk Wesley Sine. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### /// Nýskráningar fyrirtækja

– í greinum tengdum nýsköpun sem hlutfall af nýskráningum



Lækkunin síðan 2014 vekur athygli í ljósi ferðamannasprengrunnar sem orðið hefur. Magnús segir að aukin umsvif séu ekki ávísun á aukna nýsköpun. „Við eigum

eftir að skoða betur af hverju þessi lækkun er tilkomin,“ segir hann. „Það er hægt að ímynda sér að lækkunin sé vegna þess að þensla eykst í hagkerfinu á ný og að hlutfallið sé

Pað er hægt að ímynda sér að lækkunin sé vegna þess að þensla eykst í hagkerfinu á ný og að hlutfallið sé aftur að færast í eðlilegt ástand.

Magnús Þór Torfason, lektor við Háskóla Íslands

aftur að færast í eðlilegt ástand. Fólk er einnig að keyra áfram fyrirtæki sem voru stofnuð fyrr frekar en að stofna ný fyrirtæki.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

## Lilja og Hrönn Auður sigruðu í sumarleik Fréttablaðsins

**SUMARLEIKUR** Lilja Þorsteinsdóttir og Hrönn Auður Gestsdóttir sigruðu í sumarleik Fréttablaðsins. Unnu þær hvor um sig 100.000 króna gjafabréf frá Úrval Útsýn. Leikurinn gekk út á að taka skemmtilega sumarmynd af einhverjum að lesa Fréttablaðið, ýmist á pappír eða í appinu.

Lilja tók sína mynd á leiðinni í sumarbústað. Fjölskyldan var að keyra á milli Stokkseyrar og Þorlákshafnar og sá þar stól. „Við föttuðum að Fréttablaðið var með í bílnum og ákváðu að smella af einni mynd af dóttur okkar og senda inn í leikinn. Fannst þetta svo fallegt umhverfi og myndin svo skemmtileg,“ segir Lilja. Gjafabréfið mun nýtast vel. „Planíð er að fara eitthvert í sólinu í janúar og gjafabréfið kemur sér því einkar vel.“

Hrönn Auður tók mynd af hesti í Vestur-Landeyjum að lesa blaðið. „Við erum rosalega mikið hestafólk og merin á myndinni heitir Aska og er alveg ofboðslega forvitinn hestur eins og sést. Svo skemmir útsýnið



Lilja Þorsteinsdóttir.

ekki fyrir en bakgrunni má sjá Vestmannaeyjar,“ segir Hrönn. Hún er ekki á leiðinni á ströndina. „Ég hugsa að ég fari frekar í einhverja skemmtilega borgarferð en til sólarlanda.



Hrönn Auður Gestsdóttir.

Ég nenni engan veginn að hanga á ströndinni, vil miklu frekar vera að gera eitthvað skemmtilegt. Áfangastaðurinn verður að öllum líkindum einhver góð Evrópuborg.“ – ab



# BÍLALEIGUBÍLARNIR KOMNIR Í SÖLU

YFIRFARNIR AF UMBOÐI • LÁG VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



## Peugeot Partner Tepee Outdoor

Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km.,  
dísel, beinskiptur.

**Verð kr. 1.990.000**

Afborgun krónur 25.318 á mánuði\*



## Peugeot 5008 Style 7 manna

Nýskráður 6/2016, ekinn 77 þús.km.,  
dísel, sjálfskiptur.

**Verð kr. 2.390.000**

Afborgun krónur 30.375 á mánuði\*



## Peugeot 108 Active

Nýskráður 3/2016, ekinn 76 þús.km.,  
bensín, beinskiptur.

**Sértilboð kr. 790.000**

Allt að 100% fjármögnun í boði



## Honda Jazz Trend

Nýskráður 7/2017, ekinn 30 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðju-  
ábyrgð. **Ásett verð kr. 2.090.000**

**Sértilboð kr. 1.790.000**

Afborgun krónur 22.789 á mánuði\*



## Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 86 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 2.390.000**

Afborgun krónur 30.375 á mánuði\*



## Honda CR-V Elegance Navi dísil

Nýskráður 4/2017, ekinn 62 þús.km., dísel,  
sjálfskiptur 9 girar. Er í verk-  
smiðjuábyrgð.

**Verð kr. 3.790.000**

Afborgun krónur 48.075 á mánuði\*



## Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 5/2017, ekinn 69 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 3.790.000**

Afborgun krónur 48.075 á mánuði\*



## Honda Civic Station Lifestyle

Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km.,  
dísel, beinskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 2.890.000**

Afborgun krónur 36.696 á mánuði\*



## Honda Civic Station

Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 2.390.000

**Sértilboð kr. 1.990.000**

Afborgun krónur 25.318 á mánuði\*



## Honda Civic Elegance 5 dyra

Nýskráður 3/2018, ekinn 16 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 3.190.000**

Afborgun krónur 40.489 á mánuði\*



## Honda Civic 5 dyra

Nýskráður 10/2017, ekinn 29 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 2.490.000**

Afborgun krónur 31.639 á mánuði\*



## Honda Civic Sedan

Nýskráður 10/2017, ekinn 13 þús.km.,  
bensín, beinskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 2.990.000

**Sértilboð kr. 2.490.000**

Afborgun krónur 31.639 á mánuði\*

LÍTIÐ EKNIR OG VIRKILEGA VEL  
MEÐ FARNIR BÍLALEIGUBÍLAR  
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

## Opnunartími

Mánudaga - föstudaga  
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga  
milli kl. 12:00 og 16:00

Opið allan sólarhringinn  
á notadir.bernhard.is



## NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is





MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

# Ófriðarins mikla minnst

Fjöldmargir þjóðarleiðtogar komu saman á Pilsudski-torgi í Varsjá, höfuðborg Póllands, í gær til að minnst þess að 80 ár voru liðin frá upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar í Evrópu. Upphafið má rekja til innrásar Þjóðverja í Pólland þann 1. september 1939.





# Á Pilsudskitorgi



Davíð Stefánsson

david@frettabladid.is

**G**uðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var í gær viðstaddur táknræna minningarathöfn á Pilsudskitorgi í Varsjá í Póllandi. Hann tók þar, ásamt fleiri þjóðhöfðingjum og fulltrúum ríkja, þátt í athöfn til að minnast innrásar

þjóðverja í Pólland en sá atburður markaði upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar í Evrópu árið 1939.

Á 80 árum fennir í sporin. Í tíma færast saga seinna stríðs sífellt fjær. En á hildarleikinn þarf að minna. Afleiðingar stríðsins voru ægilegar og hörmungarnar ólýsanlegar, ekki síst í Póllandi og Austur-Evrópu. Eða eins og forsetinn komst að orði í yfirlýsingu sinni: „Við megum aldrei gleyma þeim glæpum sem voru framdir, þeirri grimmd sem geisadi og þeim miska sem milljónir manna þurftu að þola. Við megum aldrei gleyma helförinni gegn gyðingum auk annarra útrýmingarherferða nasista og handbenda þeirra.“

Aðdragandi stríðsins var langur. Átökin og mannfall gríðarlegt og afleiðingar miklar bæði pólitískar og menningarlegar. Enn þann dag í dag er svo margt í umhverfi okkar sem er litad af þessum atburðum. Minnisvarðar um ægilegt mannfall Sovétmanna eru í hverju þorpi og borg undir Úralfjöllum. Enn þann dag í dag ríkir tortryggni milli þjóða vegna þessa.

Seinni heimsstyrjöldin, sem og stríð nútímans, ætti að vera okkur áminning um mikilvægi friðsamlegrar alþjóðasamvinnu, -samskipta og -viðskipta. Þannig komum við best í veg fyrir styrjaldir: Með því að samþætta lífshagsmunum og órlög ólíkra þjóða. Þannig mætum við líka best nýjum ógnum samtímans, hryðjuverkum, netógnum og síðast en ekki síst loftslagsbreytingum, mengun og ógnum við lífræðilega fjölbreytni.

Í viðtali við Fréttablaðið um helgina benti forseti Íslands á að seinna stríð sýni í hvaða ógöngur ofstækisfull þjóðremba getur leitt okkur. Það eru skýr skilaboð ekki síst nú þegar öfga- og einangrunaröflum vex ásmegin. Bodað er að réttur hins sterka ráði til að fá sínu framgengt og með valdi ef með þarf. Þá skipta grundvallarreglur lýðræðis og réttarríkis litlu, hvað þá opinska umræðuhefð og umburðarlyndi. Þá er stutt í kynþáttahyggi og ofbeldisverk. Hér er þörf á árvekni og hugrekki til að standa í istaðið og standa gegn yfirgangssegjum.


Athöfnin á Pilsudskitorgi er líka áminning um að huga þarf að eigin þjóðaröryggi. Fámenn eyþjóð sem hvorki hefur burði né vilja til að ráða yfir her tryggir öryggi sitt og varnir best með virkri alþjóðasamvinnu. Það gerum við með samvinnu við Evrópuþjóðir. Það gerum við með nánum samskiptum við Bandaríkin. Að þessu miðar starf Íslands innan Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnana á borð við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Evrópuráðið og NATO.

Síðast en ekki síst eru atburðirnir sem minnst var á Pilsudskitorgi áminning um mikilvægi þess að eiga staðfasta og sterka bandamenn. Í því ljósi ætti að skoða heimsókn varforseta Bandaríkjanna á miðvikudag.



Síðast en ekki síst eru atburðirnir sem minnst var á Pilsudskitorgi áminning um mikilvægi þess að eiga staðfasta og sterka bandamenn. Í því ljósi ætti að skoða heimsókn varforseta Bandaríkjanna á miðvikudag.

Halldór



## Frá degi til dags

**Samtal á Sardiníu**  
Reykjavíkurbref Morgunblaðsins um helgina fjallar um ástarfund ritstjórans hugumljúfa með Silvio Berlusconi fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu á draumasetri þess síðarnefnda á Sardiníu. Þegar sá íslenski spurði Ítalann um upplausn ítalskra stjórn mála var aðdaunin takmarkalaus. „Bréfitara þótti verra að hafa sært gestgjafa sinn, sem hann hélt upp á.“ Hér skal því haldið til haga að hið virta breska tímarit The Economist birti árið 2001 forystugrein undir fyrirsögninni „Af hverju Silvio Berlusconi er óhæfur til að leiða Ítalíu“. Og sama tímarit birti árið 2011 grein um Berlusconi undir fyrirsögninni „Maðurinn sem klúðraði heilu landi“.

**HR í Grænuborg**  
Um orkupakkann er sagt í bréfinu: „Meira að segja vitlausustu gervikennimenn í lögfræði í HR gætu ekki haldið því fram að slíkt stæðist stjórnarskrá. Gerðu þeir það ættu þeir að hefja lagakennslu í Grænuborg, en hætt er þó við því að jafn vel óvitarnir þar myndu horfa á slíka furðu lostnir. Það voru jú börnin sem könnuðust fyrst við að keisarinn var klæðalaus.“ Allir bida spenntir eftir viðbrögðum Bjarna Más Magnússonar dósents og félaga í HR. kristinnhaukur@frettabladid.is

## Í hópi þeirra bestu



Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla Íslands

Á undanförunum misserum hafa ítrekað komið fram niðurstöður um að fræðasvið Háskóla Íslands radast meðal þeirra bestu í heiminum á alþjóðlegum matslistum háskóla. Háskóli Íslands er eini allhliða háskóli landsins og starfar á fimm fræðasviðum og er afar ánægjulegt að sjá á hversu breiðum grunni árangur skólans mælist. Þessar jákvæðu niðurstöður eru mikilvægar vegna þess að alþjóðleg samkeppnishæfni Háskólans er grundvallaratriði fyrir það þekkingarsamfélag sem við viljum skapa hér á Íslandi. „Þekking skapar orðspor þjóða“, sagði Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti eitt sinn og það eru orð sem við hjá Háskóla Íslands svo sannarlega tileinkum okkur.

Sem dæmi um stórkostlegan árangur má nefna að fjarkönnunarrannsóknir við skólann eru í sjötta sæti á heimsvísu að mati hins virta Shanghai Ranking lista. Fjarkönnun beinist að greiningu mynda af yfirborði jarðar, og nýttist m.a. við að fylgjast með þeim öru breytingum sem eru að verða samfara hlýnun jarðar og er því afar mikilvægt rannsóknarsvið fyrir Ísland og heiminn allan. Jarðvísindi okkar eru einnig metin á meðal 100 bestu í heiminum á sama lista. Hjúkrunarfræði er á topp 150 listanum, lífvísindi meðal 200 bestu og svona má áfram telja.

Það eru yfir 17.000 háskólar í heiminum. Háskóli Íslands er einn af 500 bestu háskólum í heimi samkvæmt nýlegu mati Shanghai Ranking og er radað meðal 300 bestu háskóla í heimi af Times Higher Education World University Rankings, tveimur virtustu alþjóðlegu matslistum háskóla. Þetta er gríðarlega góður árangur sem byggir annars vegar á mikilli eflingu vísindastarfs síðastliðin ár og hins vegar öfluglu alþjóðlegu og innlendu samstarfi sem fer sífellt vaxandi.

Öflugt og kraftmikið vísindastarf er forsenda þeirrar nýsköpunar sem mun knýja þekkingarsamfélag 21. aldarinnar. Þjóðir um allan heim fjárfesta í rannsóknarháskólum til að tryggja samkeppnishæfni sína. Við hjá Háskóla Íslands erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð undanförunum ár en erum staðráðin í að ná herra og enn lengra í áframhaldandi leit okkar að þekkingu í þágu íslensks samfélags.



Öflugt og kraftmikið vísindastarf er forsenda þeirrar nýsköpunar sem mun knýja þekkingarsamfélag 21. aldarinnar.

**Aðeins 598 kr./750 ml**

Euroshopper Jómfrúar Ólífuólía 750 ml

**BONUS** **EKKERT BRUÐL**



# Mál til að rífast um

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Ég ætla að gerast svo djarfur að spá því að visir að næsta rífrildismáli skjóti upp kollinum fyrir lok vikunnar. Ég veit það er djarft, en sanníði til.

samband. Það sjá allir að það er rugl.“

Þessi líking við nauðhyggju-rókin um að Íslendingar verði skyldaðir til að leggja sæstreng til útlanda ef orkupakkinn fer í gegn var æði snaggaraleg. Auðvitað getur enginn mætt með snúru og krafist þess að fá að stinga í samband. Við ráðum. Afsjónarhóli umræðunnar var þetta hins vegar bagalegt. Hún varð engin eftir þetta.

## Hvað svo?

Og í dag semsagt verður þetta prýðilega þrættuepli til lykta leitt. Í mér er beygur. Hvað tekur við? Auðvitað gengur ekki að þjóðfélagið verði deilulaust. Um hvað getum við rífast? Hugsanlegt er að dusta megri rykið, a.m.k. um stundarsakir, af gömlum og óútkljáðum deilumálum sem klikka aldrei: Reykjavíkurlflugvöllur, vera eða fara? Lúpinan, með eða á móti? Snarpt orðaskak um þessi fornu álitamál gæti fleytt þjóðinni yfir þennan hjalla, þar til nýtt, ferskt deilumál skýtur upp kollinum. Til þess að halda í hefðirnar þarf næsta deilumál þó helst að vera um ekki neitt. Það þarf líka að vera hæfilega sérhæft og óáhugavert, helst frá Brussel, svo það sé hægt að skálda upp alls konar ósannindi í kringum það og rífast svo um þau.

Ég ætla ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu. Þrátt fyrir beyg,

þá hef ég trú. Ég ætla að gerast svo djarfur að spá því að visir að næsta rífrildismáli skjóti upp kollinum fyrir lok vikunnar. Ég veit það er djarft, en sanníði til. Margir hér á landi eru einfaldlega orðnir það flinkir í þessu að þeir geta búið til svona deilu í raun án þess að hugsa. Þetta bara vellur upp úr þeim. Fyrir þeim er þetta eins og að fara á klósettið. Sjálfsagt mál. Daglegt brauð. Þetta er bara eitthvað sem kemur. Næstum því áreynslulaust.

## Fjarlæg þæling

Auðvitað mætti þó hugsa sér — þó ekki nema einungis sér til dægrastyttingar í einrúmi — að í einhvern tiltekinn tíma, núna í kjölfar atkvæðagreiðslunnar, verði þjóðfélagsumræðunni þannig háttáð að skæra að tilefnislausu njóti ekki við. Það er skemmtilegt að velta fyrir sér þeirri þjóðfélagsmynd sem þá blasir við. Það mætti ímynda sér að þjóðin sökkvi sér í málefnalega umræðu um það hvað Íslendingar þurfi að gera til þessa að mæta neyðarástandi í loftslagsmálum. Það væri hægt að efna til djúprar greiningar á því hvernig hægt er að bæta heilbrigðiskerfið. Svo mætti gera plön um það hvernig háttá ætti ferðaþjónustu til framtíðar á Íslandi. Það mætti ræða umbætur í skólakerfinu og hvernig hægt er betur að draga fram styrkleika hvers og eins. Það mætti ræða velferðarkerfið og guð má vita hvað.

En hver nennir þessu? Í staðinn fyrir að hlúa að og efna til einhvers konar alhliða samtals, greiningar og áætlunargerðar um alla þessa stóru hluti í samfélaginu er að sjálfsgöðu miklu skemmtilegra að rífast um ekki neitt. Það er miklu meiri sköpun í því að kokka upp deilumál frá grunni. Það krefst svo miklu meira listfengis að snúa markvisst út úr orðum og smíða góðar samsæriskennningar. Orkan okkar á að fara í þannig hluti.

Í dag verða greidd atkvæði á þingi um orkupakkann. Þar með verður umræðunni um það mál lokið á Alþingi og væntanlega líka í þjóðfélaginu. Það er ekki laust við að í mínum huga gæti viss söknudar. Ég hef um nokkurt skeið, reyndar við dræmar undirtektr — en stundum kátinu — stungið upp á því á hverjum þeim mannamótum sem ég tek þátt í, að orkupakkinn verði á einhverjum tímamarki ræddur. Að teknir verði tveir, þrjú tímar, helst eftir nokkra bjóra og þrætt duglega. Versta er að ég hitti alltof sjaldan fólk sem er á móti orkupakkanum og því fellur þessi tillaga mín jafnan um sjálft sig. Þó hef ég reyndar oft orðið vitni að því að fólk sem er fullkomlega sammála um mál getur samt deilt fimlega um það, sérstaklega ef það er komið soldið fram á nótt í samkvæmi. Á þeim grunni hef ég haldið í vonina.

Síðasta tilraun mín til að efna til hressandi erja um orkupakkann í vinahópi rann þó algjörlega út í sandinn um helgina og með mun meira afgerandi hætti en hinar tilraunir mínar. Ég spurði, gáskafullur: „Og hvenær eigum við svo að ræða orkupakkann?“ Annar svaraði: „Orkupakkann? Það þarf ekkert að ræða hann. Málflutningurinn er svo fáránlegur. Þessir menn eru í rauninni að halda því fram að fólk geti bankað upp á hjá manni með framlengingarsnúru og krafist þess að fá að stinga í

# Orkupakkamálið snýst ekki um orku



Þór Rögnvaldsson heim-spekingur

– sem og aðrir afrískir flóttamenn – flæddi síðan yfir Evrópu í leit að hæli og heimili.

Og nú kom fljótlega annað hljóð í strokkinn. Nú bættist stöðugt í hóp þeirra sem fóru að líta á aðkomufólk þetta óvildaraugum. Hugsjónin um mennsku allra manna fór smátt og smátt hallloka fyrir því viðhorfi sem hafnaði samvinnu og hampaði einangrunarhyggju. Og því var rökrétt að nú efdust þær pólitísku hreyfingar sem lengi hafði kraumað í undir sléttu og felldu yfirborðinu: þær hreyfingar „litla hjartans“ sem kenna að hver sé sjálfum sér næstur. Þetta eru „hugsjónir“ poppúlismans sem um fram allt vill reisa múra og stefna að sem mestri einangrun.

Og nú hefur þessi ófögnuður – poppúlisminn – líka fest rætur hér á landi. Og nú fara fulltrúar hreyfingarinnar hamförum – belgja sig upp af heilagri vandlætingu – út af málefni sem skiptir okkur Íslendinga litlu sem engu máli. Þriðji orkupakkinn lýtur að frjálsu flæði á orkuvörum – og þar af leiðandi líka rafmagni – þvert yfir landamæri þeirra ríkja sem gengið hafa Evrópusamvinnunni á hönd. Hér er um eðlilega löggjöf að ræða sem staðfestir þá staðreynd að markmiðið með Evrópusamstarfi þjóðanna sé, já – að stuðla að samstarfi! Í annan stað er ástæðan fyrir því að pakkinn skiptir okkur Íslendinga nánast engu máli sú staðreynd að við búum á eylandi lengst



Umræðan um þriðja orkupakkann snýst um það hvort við Íslendingar eigum að kjósa samvinnu – eða einangrunarhyggju.

úti á ballarhafi – og að allar bolla- leggingar um sæstreng eru ekki nema fleipur einar. Umræðan um þriðja orkupakkann snýst því ekki um orkumál. Umræðan um þriðja orkupakkann snýst um það hvort við Íslendingar eigum að kjósa samvinnu – eða einangrunarhyggju; hvort við eigum að kjósa viðhorf „stóra hjartans“ sem breiðir út arma sína – eða viðhorf „litla hjartans“ sem krýpur inn í eigin skel og bægir helst öllum „öðrum“ frá sér.

Á hitt ber loks að líta að það væri stórhættulegt fyrir okkur Íslendinga að hafna þriðja orkupakkanum vegna þess að þannig værum við að vega að EES-áild okkar og EES-samningurinn er langtum mikilvægasti og hagstæðasti milliríkjasamningur sem við höfum gert – og hér liggur hundurinn grafinn – vegna þess að þetta vita poppúlístarnir.

Tíundi áratugurinn var að mörgu leyti góður áratugur. Í þann tíma ríkti bjartsýni í heiminum og var ástæðan fyrst og fremst sú að þá höfðu múrar fallið. Fyrst féll Berlínarmúrinn og síðan lauk kalda stríðinu sem sundrað hafði heiminum allt frá stríðslokum. Í bjartsýnum heimi jókst samvinna á milli þjóða og einstaklinga. Menn höfðu ekki verið jafn mikið sama sinnis síðan, tja – ég veit bara ekki hvað segja skal: síðan aldrei fyrr í manna minnum! Heimurinn var sem sagt að sameinast og einangrunarhyggjan að víkja. Á þessum dögum sló „stóra hjartað“ í brjóstum manna sem vildu veg hugsjónarinnar sem mestan; þ.e. þeirrar hugsjónar sem kennir að öll séum við manneskjur og að þess vegna sé engin manneskja annarri æðri – óháð kyni og kynþætti; þjóðerni, menningu, trúarbrögðum og tungumáli.

Síðan kom bakslag. Borgarastyrjöld hófst í Sýrlandi – og lauk með því að meiri hluti landsmanna fór á vergang og flúði land. Þetta fólk

SR

STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
KYNNIR:

Nat King Cole 100 ára

NAT  
NAT  
NAT  
ALIE

6. október kl. 20.00 Eldborg Hörpu

SÖNGVARAR

Sigríður Thorlacius  
Sigurður Guðmundsson  
Páll Rósinkranz  
Unnsteinn Manuel Stefánsson

STJÓRNANDI OG KYNNIR

Sigurður Flosason





# Markavélin sem ekkert fær stöðvað

Argentínumaðurinn Sergio Aguero virðist eflast með hverju árinu sem líður. Markahrókurinn er búinn að skora sex mörk og leggja upp eitt á 267 mínútum í ensku úrvalsdeildinni.

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að hafa fengið stutt sumarfrí og tekið þátt í verkefni með argentínska landsliðinu í fimmta sinn á síðustu sex árum virðist ekki vera hægt að stöðva argentínska markahrókinn Sergio Aguero í fremstu víglínu Manchester City. Aguero skoraði tvívegis fyrir ensku meistarana um helgina í 4-0 sigri á Brighton ásamt því að leggja upp mark fyrir Bernardo Silva. Aguero sem kom inn af bekknum í fyrstu umferð gegn West Ham er ekki búinn að ná að leika þrjá heila leiki en á þeim 267 mínútum sem hann hefur fengið hefur Aguero skorað sex mörk.

Gabriel Jesus er enginn aukvísí sem varamaður, framherji brasilíska landsliðsins sem hefur skorað 46 mörk í 102 leikjum og yfirleitt í hlutverki varamanns en City mun halda áfram að reiða sig á framlag Aguero næstu árin. Það virðist ekkert ætla að hægjast á Aguero sem er búinn að skora úr síðustu sjö skotum sínum á markid í ensku úrvalsdeildinni.

Jesus er einn fjölmargra sem Manchester City hefur keypt til að veita Aguero samkeppni og aðstoð en alltaf er Aguero fyrsti kostur og stendur undir væntingum.

Argentínumaðurinn á tvö ár eftir af samningi sínum á Etihadvöllinum og hefur gefið það út að hann ætli sér að ná tíu árum í herbúðum City og er erfitt að sjá að það fari eitthvað að hægjast á honum þrátt fyrir leikjaálagid á þrítugan skrokk.

## Vakti ungur athygli

Aguero, sem varð 31 árs í sumar, vakti ungur athygli þegar hann lék fyrsta leik sinn fyrir Independiente rétt rúmlega fimmtán ára gamall og bætti með því 27 ára gamalt met Diego Armando Maradona. Það reyndist eini leikur hans þetta tímabilið en ári síðar var hann tekinn, sextán ára gamall, inn í aðalliðið og fór að leika með því. Aguero vakti athygli stórlíða í Evrópu þegar hann skoraði 18 mörk á síðasta tímabili sínu í Argentínu og nýtti Atletico Madrid tækifærið og samdi við hinn sautján ára gamla Aguero.

Á Spáni fékk hann það erfida hlutverk að fylla í skarð Fernando Torres og lék hann í fimm ár með félaginu með góðum árangri áður en Manchester City kom kallandi og gerði hinn 23 ára gamla Aguero að dýrasta leikmanni í sögu félagsins.

## Kom City yfir endalínuna

City var nýbúið að vinna enska bikarinn, fyrsta titilinn eftir að félagið var keypt af miðausturlenskum fjárfestum, en nú átti að gera atlögu að þeim stærsta. Aguero var ekki lengi að stimpla sig inn því hann skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í fyrsta leik sínum eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Aguero skoraði svo sigurmarkið í loka-leik fyrsta tímabils síns á Englandi í frægum 3-2 sigri á QPR þar sem

» Á átta tímabilum í herbúðum Manchester City hefur Sergio Aguero sjö sinnum skilað yfir 28 mörkum í öllum keppnum fyrir City-liðið.

Aguero innsiglaði fyrsta meistaratitil félagsins í 44 ár.

Argentínumaðurinn náði ekki að halda sínu striki á öðru tímabilinu þegar City olli vonbrigðum en síðan þá hafa Aguero og City ekki litið um öxl. Aguero hefur skorað yfir 20 mörk síðustu fimm tímabil en meiðslí komu í veg fyrir að þau væru sex í röð. Magnað afrek, sérstaklega þegar litið er til þess að Aguero er að hefja sitt sextánda tímabil sem leikmaður meistaraflökks og hefur varla fengið almennilegt sumarfrí til að hvíla líkamann síðustu sexsumur.

Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City, var spurður út í afrek Aguero undanfarnar vikur og fór hann fögrum orðum um framherja sinn.

„Sergio byrjaði að skora mörk í argentínsku deildinni sextán ára gamall og hann mun skora mörk á dánarbedinum. Hann er einstakur leikmaður sem er mjög fús að reyna nýja hluti. Við höfum breytt ýmsu í hans leik og hann hefur staðist allt,“ sagði Guardiola um Aguero sem hefur skorað 101 mark í 134 leikjum síðan Guardiola tók við liðinu af Manuel Pellegrini.

„Við þurfum á markanefinu hans að halda en hann hjálpar liðinu líka heilmikið þegar hann er ekki að skora. Hann hefur verið frábær frá því að ég tók við liðinu og kann ég honum mínar bestu þakkir.“

## Met Rooney innan seilingar

Átta árum eftir að Aguero kom til Englands er hann enn að og hægt að tala um ein bestu kaup í sögu Manchester City enda Aguero handhafi allra meta félagsins þegar kemur að markaskorun. Aguero hefur alls skorað 237 mörk fyrir Manchester City í öllum keppnum og 170 mörk í ensku úrvalsdeildinni.

Aguero ætti að ná Thierry Henry (175), Frank Lampard (177) og jafnvel Andy Cole (187) á þessu tímabili og Wayne Rooney (208) er ekki langt undan þótt erfitt sé að sjá Aguero ná markameti Alans Shearers sem skoraði 260 mörk í ensku úrvalsdeildinni á sínum tíma.

kristinnpall@frettabladid.is



**HETJA HELGARINNAR**

●● Sergio Aguero byrjaði að skora mörk í argentínsku deildinni sextán ára gamall og hann mun skora mörk á dánarbedinum. Hann er einstakur leikmaður sem er mjög fús að reyna nýja hluti. Við höfum breytt ýmsu í hans leik og hann hefur staðist allt.

**Pep Guardiola**  
knattspyrnustjóri  
Manchester City

## Sergio Aguero

Argentínski framherjinn sem fagnaði 31 árs afmæli í sumar varð síðasta vetur markahæsti leikmaðurinn í sögu Manchester City. Aguero vantar aðeins sex mörk til að verða markahæsti erlendi leikmaðurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar en það met er í eigu Thierry Henry.

» Sonur Sergio Aguero, Benjamin Aguero, er af miklum fótboltaætum. Móðir hans er yngsta dóttir Diego Maradona og guðfaðir hans er Lionel Messi.





ÖRVAÐU GÓÐU  
BAKTERÍURNAR\*

# STYRKTU NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

MEÐ NÁTTÚRULEGUM ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA  
MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANKREMI

\*Verulegar breytingar á bakteríufloðu sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.





Margt líkt er með liði Slóvakíu og liði Ungverja sem Ísland vann 4-1 síðastliðinn fimmtudag. Hér fagna Stelpurnar okkar sigrinum á Ungverjalandi með vikingaklappi í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Slóvakar munu ekki gefa neitt eftir

